

MÁLABRAUT MR



SKÝR SAMSKIPTI ERU LYKILLINN AÐ FRAMTÍÐINNI

MENNTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

Tungumál eru ekki orðin tóm heldur fela þau í sér menningu, sögu og tilfinningar. Þau eru samskiptagrunnur, auka vísðsýni og efla menningarlæsi, færni sem veitir mikilvægt forskot í ört breytilegum heimi.

Menningarlæsi og tungumálakunnátta eru lykill að atvinnulífi framtíðarinnar og fátt undirbýr okkur betur undir alþjóðlegt umhverfi menningar- og atvinnulífs en nám í máladeild.

Tvær öflugar máladeildir: Nýmáladeild og formáladeild

Í nýmáladeild er áhersla lögð á tungumál sem töluð eru í heiminum í dag en í formáladeild er lögð áhersla á rötgróna evrópska menntahefð sem á rætur að rekja til Rómverja og Grikkja.

Við kennslu erlendra tungumála í MR er lögð áhersla á að nota fjölbreyttar aðferðir og miðla til að gera námið liflegt, gagnlegt og skemmtilegt. Bekkjarkerfi MR er hvetjandi og veitir stuðning sem sést á því hve brottfall nemenda við MR er lítið.

Stúdentspróf af máladeild MR byggir grunn fyrir fjölbreytt háskólanám til að mynda í hugvísindum, félagsvísindum, listgreinum, lögfræði og menntavísindum.

Tungumálþekking sem aflað er við stúdentspróf er mikilvæg þegar sérhæfðu háskólanámi lýkur og skapar samkeppnisforskot.



Nemendum málabrautar gefst kostur á að ferðast til ýmissa landa meðan á námstíma stendur.

NÝMÁLAD EILD

Í nýmáladeild er lögð áhersla á þau tungumál sem eru hvað mest töluð í heiminum í dag og opna dyr að fjölbreyttri menningu, sögu og þjóðfélögum í öllum heimsálfum.

Lögð er áhersla á að þjálfna nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og efla menningarlæsi þeirra.

Auk staðgóðrar kunnáttu í ensku, dönsku og þriðja tungumáli (frönsku, spænsku eða þýsku) fá nemendur líka kennslu í fjórða og jafnvel fimmta tungumálinu, auk þess að læra grunnþætti í latínu.

Eftir nám í þriðja máli af málabraut eru nemendur komnir með færni upp á B1 -B2 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.

Franska, spænska og þýska eru opinber tungumál í 56 löndum og eru meðal þeirra tungumála í heiminum sem flestir læra.

FORNMÁLAD EILD

Fornmáladeild byggir á evrópskri menntahefð með áherslu á latínu, forngrísku og menningarsögu fornaldar.

Þessi klassíska menntahefð er enn í heiðri höfð í mörgum skólum vestrænna ríkja en MR er eini framhaldsskólinn á Íslandi sem býður upp á nám í fornmáladeild. Námið opnar sýn inn í söguna sem eykur menningarlæsi á bæði nútíð og fortíð.

Nemendur fornmáladeildar læra latínu í þrjú ár og forngrísku í tvö ár auk þess sem lögð er áhersla á kennslu í fornfræði sem veitir nemendum verðmæta innsýn inn í menningu og bókmenntir fornaldar.

Latína er eitt mikilvægasta tungumál vestrænnar menningarsögu. Latneskt talmál gat af sér frönsku, spænsku, ítölsku og portúgölsku auk þess sem alþjóðlegur orðaforði vísinda, menningar og lista er að megninu til sóttur í latínu.

Grikkir lögðu grunn að bókmenntum, heimspeki og vísindum í okkar heimshluta og kennsla í forngrísku dýpkar skilning okkar á grískri menningu og þeim hefðum sem við búum við enn þann dag í dag.



STARFSÚRVALIÐ AÐ LOKNU MÁLADEILDARNÁMI ER FJÖLBREYTT OG SÍÐUR EN SVO TÆMANDI...

LÖGFRÆÐINGUR – LEIKARI – SÁLFRÆÐINGUR – BÓKMENNTAFRÆÐINGUR – UPPISTANDARI – KENNARI
FORSETI – FORNLEIFAFRÆÐINGUR – LISTAMAÐUR – MÁLFRÆÐINGUR – ALÞINGISMAÐUR – ÚTGEFANDI
FRAMLEIÐANDI – VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR – ALMANNATENGILL – FRÉTTAMAÐUR – ÞÝÐANDI
FÉLAGSRÁÐGJAFI – FRUMKVÖÐULL – SÉRFRÆÐINGUR Í ÞRÓUNARSAMVINNU – MÁLASÉRFRÆÐINGUR
NÁMSRÁÐGJAFI – SAGNFRÆÐINGUR – REKTOR – FÉLAGSFRÆÐINGUR – FLUGSTJÓRI – FORNFRÆÐINGUR
RITHÖFUNDUR – LJÓÐSKÁLD – STJÓRN MÁLAFRÆÐINGUR – KYNJAFRÆÐINGUR
MANNFRÆÐINGUR – GUÐFRÆÐINGUR – HAGFRÆÐINGUR – HÖNNUÐUR